

Ed.

469. Nefndarálit

[173. mál]

um frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Skipaútgerð ríkisins hóf starfsemi sína árið 1929. Hún hefur nálega fjóra áratugi veitt mikilvæga þjónustu með því að annast áætlunarferðir skipa, er flytja farþega, póst og vörur meðfram ströndum Íslands.

Löggjöf hefur ekki verið sett um Skipaútgerðina, en starfshættir stofnunarinnar hafa mótast af langri reynslu. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haft á hendi stjórn hennar undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytis.

Á síðustu starfsdögum þessarar samkomu Alþingis og undir lok kjörtímabils þingmanna ber hæstv. ríkisstjórn fram þetta frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins og vill fá það lögfest í skyndi.

Aðalefni frv. felst í 4. gr. þess, þar sem svo er fyrir mælt, að ráðherra skipi þrjá menn í stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar. Verkefni stjórnarnefndarinnar á að vera það að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar.

Ríkisstofnunum má yfirleitt skipta í tvo flokka að því er stjórn varðar. Annars vegar stofnanir, þar sem forstjóri er yfirmaður, undir yfirstjórn ráðherra. Hins vegar stofnanir, þar sem stjórn er kjörin af Alþingi og framkvæmdastjóri starfar í samráði við hina þingkjörnu stjórn og eftir fyrirmælum hennar.

Í þessu frv. er kveðið svo á, að ráðherra skipi forstjóra Skipaútgerðarinnar og ásamt honum þrjá stjórnarnefndarmenn.

Minni hl. samgöngumálanefndar getur ekki á þetta fallið. Hann flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 4. gr., þess efnis, að stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar verði kosin af Alþingi, en samgöngumálaráðherra skipi formann úr hópi hinna þingkjörnu manna.

Afstaða minni hl. til frv. í heild mun fara eftir því, hvort þessi brtt. verður samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.